


Aðalfundur 2014

~ Haldinn þann 4.febrúar ~



Dagskrá aðalfundar

- **Kosning fundarstjóra**
- **Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári**
- **Reikningar lagðir fram til samþykktar**
- **Fjárhagsáætlun og ákvörðun félagsgjalda**
- **Kosning stjórnar**
 - Formaður og tveir meðstjórnendur
- **Tillögur og lagabreytingar**
 - Engar lagabreytingar liggja fyrir fundinum
- **Önnur mál**

- **Hlé og léttar veitingar**

- **Vídeóannáll 2013 frumsýndur**
 - Hægt verður að nálgast hann á vef félagsins og YouTube
<http://modelflug.net/video/2014/>
<http://youtu.be/3jY61JFe9Ac>

Skýrsla stjórnar

Flugmóðelfélagið hélt aðalfund sinn í fundarsal Íþróttakademíunnar þann 5.febrúar og var rétt um helmingur félagsmanna mættur. Rekstur á árinu 2012 var jákvæður um 69.251 kr. Hefðbundin aðalfundarstörf tóku fljótt af, Guðni V. Sveinsson var endurkjörinn sem vallarstjóri og Gunnar M. Magnússon sem meðstjórnandi. Að loknum aðalfundarstörfum bauð Björk hans Guðjóns upp á dýrindis hnallþóru og svo var vídeóannáll Flugmóðelfélagsins frá árinu 2012 frumsýndur og vakti mikla lukku.

Árið sem slíkt var gott fyrir Flugmóðelfélagið og mikið um að vera. Fjórir nýir félagar gengu í félagið en smá fækkun hefur orðið á Innherjum. Ekki varð mikið úr sumrinu þar sem við virtumst fara beint úr vorveðri í haustveður en menn létu það þó ekki há sér of mikið og var furðu mikið flogið miðað við aðstæður.

Flugmóðelfélag Suðurnesja hélt sína árlegu flotflugkomu þann 20.maí, fjórir mættu galvaskir til leiks. Þrír á flotflugvélum og einn á skuttogara! Ekkert kom í trollið að þessu sinni og engum flotvélum þurfti að bjarga í land. Steinþór flaug einnig Seamaster af Seltjörn og upp á Arnarvöll með smá bíltúr á milli.

Lendingarkeppnin féll niður vegna veðurs.

Félagsmenn voru svo duglegir að mæta á aðrar samkomur, hvort heldur sem var á Patreksfirði, Eyjafjarðarsveit, Tungubökkum eða Hamranesi. Einnig lögðu fimm félagsmenn land undir fót og eltu sólina í Skagafjörðinn um miðjan júlí þegar veðrið var búið að vera sem einna leiðinlegast og nánast ekkert flugfært vikurnar á undan. Þar var þeim vel tekið af heimamönnum og skellt var í smá flugsýningu í tilefni veðursins. Einnig var litið við á Siglufirði og nokkur flug tekin þar.

Ljósanæturflugkoman féll því miður niður í ár vegna veðurs.

Innherjar hófu svo aftur að flögna í Reykjaneshöllinni í byrjun október og munu halda uppteknum hætti út mars 2014.

Hátíðarhefðinni var að sjálfsögðu viðhaldið og flogið á gamlársgögum.

Stjórn Flugmóðelfélags Suðurnesja

Reikningar félagsins*Flugmóðelfélag Suðurnesja***Ársreikningur 2013**

	Inn	Út
Sparireikningur		430.926 kr.
Félagsgjöld	375.800 kr.	
Innherjar	160.000 kr.	155.250 kr.
Styrkir	100.000 kr.	
Eignasala	90.000 kr.	
Vextir	2.676 kr.	
Vallarviðhald		135.733 kr.
Tryggingar		24.098 kr.
Bensín, gas, olía		19.952 kr.
Aðalfundur		8.241 kr.
Bankakostnaður		7.800 kr.
Stofnun LÍM		1.000 kr.
Veitingar		780 kr.
Fjármagnstekjuskattur		535 kr.
Samtals á árinu	<u>728.476 kr.</u>	<u>784.315 kr.</u>
Fært frá fyrra ári	188.878 kr.	
Samtals	<u>917.354 kr.</u>	<u>784.315 kr.</u>
Samtals eign í árslok	<u>133.039 kr.</u>	
Velta á árinu	1.701.669 kr.	
Rekstrarniðurstaða	563.965 kr. ▽	

Eignir	Verð
Sparireikningur	801.493
Kerra	500.000
Sláttuvél	200.000
Orf	25.000
Bátur	25.000
Rafstöð	25.000
Samtals	1.576.493

Flugbrautir og vallarsvæði	33.625.000
- flugbrautir	27.500.000
- vallarsvæði	2.500.000
- vallarplan	2.000.000
- vagn	1.500.000
- gámur	125.000

Samtals eignir	35.201.493
-----------------------	-------------------

Niðurstaða

Eins og kemur fram þá var rekstur ársins jákvæður um 563.965 kr en 90.000 kr af því eru vegna sölu á eignum og 100.000 kr vegna styrks. Daglegur rekstur skilaði því afgangi upp á 373.965 kr en sökum veðurs varð minna úr framkvæmdum og slætti á Arnarvelli og skýrir það þennan mun að mestu.

Fjárhagsáætlun og félagsgjöld

Stefnt verður að áframhaldandi aðhaldi í fjármálum félagsins en þó þarf að sinna ýmsu viðhaldi og framkvæmdum á Arnarvelli. Félagsgjöldin á síðasta ári stóðu undir rekstrinum. Ég legg því til að félagsgjöldin verði óbreytt, 5.500 fyrir yngri en 18 ára og 12.000 fyrir aðra félagsmenn.

Kröfur vegna félagsgjalda verða stofnaðar í bankakerfinu í lok mánuðar, þeir sem vilja greiða fyrir þann tíma, og forðast greiðslukostnað(200 kr), hafi samband við gjaldkera fyrir 24.febrúar.

Sverrir Gunnlaugsson gjaldkeri

Kosning stjórnar

Á þessum aðalfundi þarf að kjósa formann og tvo meðstjórnendur.

Tillögur og lagabreytingar

Engar lagabreytingar liggja fyrir fundinum.

Önnur mál

Orðið er frjálst.

Minnisblað